# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

170. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 21. JÚLÍ 2017





**Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra tók í gær skóflustungu sem markar endurheimt votlendis við Urriðavatn. Fylla á upp í skurði sem samtals eru 815 metrar að lengd.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Var í slagtogi með dæmdum sakamanni

Yfirmaður hjá Icelandair, grunaður um verðbréfabrot, var í slagtogi með fleiri mönnum. Til rannsóknar eru viðskipti með bréf í Icelandair fáeinum dögum áður en félagið gaf út kolsvarta afkomuviðvörun.

**LÖGREGLUMÁL** Yfirmaður hjá Icelandair, sem er grunaður um brot á lögum um verðbréfaviðskipti, var í slagtogi með að minnsta kosti þremur mönnum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Einn mannanna hlaut nýlega fangelsisdóm í Hæstarétti fyrir peningaþvætti, fíkniefnabrot og rekstur á spilavíti. Rannsókn beinist meðal annars að viðskiptum með hlutabréf í Icelandair Group sem gerð voru í nafni félags í hans eigu.

Mennirnir hafa allir verið yfirheyrðir. Heimildir Fréttablaðsins herma að meðal sönnunargagna séu tölvupóstar sem hinn grunaði yfirmaður sendi til meintra samverkamanna sinna.

Rannsókn héraðssaksóknara beinist meðal annars að framvirkum samningi sem gerður var aðeins fáeinum dögum áður en Icelandair Group sendi frá sér tilkynningu til Kauphallarinnar 1. febrúar þar sem afkomuspá félagsins fyrir 2017 var lækkuð um liðlega þrjátíu prósent.

Mun rannsóknin jafnframt ná til lengra tímabils en einungis aðdraganda þess að félagið sendi frá sér umrædda afkomuviðvörun. Er þá sérstaklega til skoðunar hvort samstarf mannanna eigi sér lengri sögu.

Hinn grunaði yfirmaður átti í lok árs 2016 hlutabréf í Icelandair Group í eigin nafni að virði rúmlega níu milljónir á þáverandi gengi.

Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari segir rannsókn málsins vera vel á veg komna. Óvíst sé þó á þessari stundu hvenær henni ljúki. Að öðru leyti vill hann ekki tjá sig um málið.

Þetta er í fyrsta sinn frá falli fjármálakerfisins sem héraðssaksóknari rannsakar mál er varðar meint brot í viðskiptum með bréf í skráðu félagi.

Fréttablaðið greindi frá því í fyrradag að Icelandair hefði í lok maí fengið upplýsingar um að starfsmaður þess hefði stöðu grunaðs í rannsókn vegna meintra brota á lögum um verðbréfaviðskipti. Var hann í kjölfarið sendur í leyfi frá störfum.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að eignir hefðu verið frystar vegna málsins en fjárhæðirnar sem um ræðir hlaupa á tugum milljóna króna. – **kij**

## Lærði á píanó með hjálp YouTube

**LÍFIÐ** Bræðurnir Egill og Bjarki Hreinn Viðarssynir, sem skipa hljómsveitina Andy Svarthol, eru sjálflærðir á hljóðfærin og gera allt sjálfir.

„Þetta er allt of mikil vinna. ég veit ekkert hvað við erum að spá,“ segir Egill og hlær.

„Upplýsingaflæðið er endalaust á netinu og maður getur lært hvað sem er. Ég lærði til dæmis á píanó út frá einhverjum YouTube-myndböndum,“ segir Egill. – **gha** / **sjá síðu 22**



Egill og Bjarki Hreinn Viðarssynir



**Björgunarmenn.** FRÉTTABLAÐIÐ/JÓI K.

## Draga úr leit við Gullfoss í dag

**BJÖRGUNARMÁL** Dregið verður úr leit í dag að manni sem féll í Gullfoss á miðvikudag. Þetta segir Sveinn Kristján Rúnarsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Suðurlandi.

Samkvæmt heimildum fréttastofu er maðurinn frá Georgíu en lögregla vill ekki upplýsa um nafn hans fyrr en haft hefur verið samband við aðstandendur. – **þea** / **sjá síðu 4**

### Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Lilja Alfreðsdóttir spyr hvort Viðreisn sé sætt í núverandi ríkisstjórn. **8**



**SPORT** Glódís Perla segir íslenska landsliðið betra núna en þegar það mætti Sviss síðast. Síðustu leikir gegn svissneska liðinu hafa ekki farið vel. **10**

**TÍMAMÓT** 90 ára ferðalag um kraftmikla sögu Ferðafélags Íslands. **12**

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Hæg suðaustlæg eða breytileg átt í dag og lítils háttar væta, en léttir til norðaustanlands. Hiti um og yfir 20 stigum inn til landsins. SJÁ SÍÐU 14

# Dansað við sumartóna



**Ljúf stemning var á hinu árlega Nikkuballi Ungmennaráðs Seltjarnarness sem í gær fór fram í áttunda sinn við smábátahöfnina á Seltjarnarnesi. Þórður Arnar Marteinsson harmonikkuleikari lék fyrir dansi og hljómsveitin Stjúpmæður söng fjörug lög.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Milljónaverkfall í Venesúela

**VENESÚELA** Milljónir lögðu niður störf víðs vegar um Venesúela í gær til að mótmæla ríkisstjórn forsetans Nicolas Maduro. Var kallað eftir nýjum forsetakosningum og því að Maduro hætti við áform sín um að leysa upp þing landsins.

Mótmælendur lögðu ekki einungis niður störf heldur mynduðu sumir mennska vegatálma á meðan aðrir reistu veggi úr rusli og húsgögnum.

Maduro brást illur við mótmælunum og hét því að forsprakkar þeirra yrðu handteknir. Hann sagði að mótmælin væru ekki jafn víðtæk og stjórnarandstæðingar fullyrtu, til dæmis hefðu 700 stærstu matvælaframleiðendur og matvörubúðir landsins ekki lokað dyrum sínum í verkfallinu.

Þá sagði Maduro stjórnarandstæðinga hafa ráðist á höfuðstöðvar ríkisfréttastofu Venesúela og brennt eitt af pósthúsum ríkisins. Hins vegar hafi verkamenn og hermenn náð að koma í veg fyrir frekari skemmdir. **– þea**

# PCC fær afslátt af rykútblæstri

**STÓRIÐJA** Umhverfisstofnun gerir í tillögu að starfsleyfi fyrir PCC Bakki Silicon hf. ráð fyrir að kísilverið fái heimild til að losa fjórfalt meira af rykútblæstri fyrstu tvö rekstrarárin en kveðið er um í lagaákvæðum sem tóku gildi 1. júlí síðastliðinn á grundvelli tilskipunar Evrópuþingsins frá 2010.

Þannig verði mörkin 20 milligrömm á rúmmetra fyrstu tvö árin í stað 5 milligramma. Það eru sömu mörk og í fyrri starfsleyfum frá Umhverfisstofnun til annarra fyrirtækja..

Þá segir að þegar árin tvö séu liðin beri kíslilverinu að losa innan við 5,0 milligrömm á rúmmetra eins og hinar hertu reglur krefjast að síðmiðið en megi þó fara yfir þau mörk 20 prósent af rekstrartímanum. Þá gilda þó mörkin um 20 milligröm á rúmmetra fyrir dagleg meðalgildi. **– aá**

# O.J. Simpson fær reynslulausn

**BANDARÍKIN** „Takk fyrir," sagði O.J. Simpson, fyrrverandi íþróttahetja, er honum var tilkynnt að hann fengi reynslulausn úr fangelsi eftir að hafa afplánað níu ár af 33 ára dómi. Hann kom fyrir reynslulausnarnefnd í gær.

„Ég hef ekki kvartað í níu ár. Ég hef bara reynt að vera hjálpsamur. Þannig hef ég verið því ég vil komast heim til fjölskyldu minnar," sagði Simpson sem var dæmdur fyrir vopnað rán, líkamsárás og fleira. Braust hann, ásamt fimm öðrum, inn til íþróttaminjagripasafnara til að ná í gripi sem hann taldi sig eiga. Eitt fórnarlamba ránsins mælti með reynslulausn. **– þea**



**O.J. Simpson**




# Mamma segir EM bara Símamótið á sterum

**Agla María Albertsdóttir er aðeins sautján ára en hefur á afar skömmum tíma stimplað sig inn í landslið Íslands í knattspyrnu. Ekki sást stress á ungstirni landsliðsins sem átti skínandi leik. Foreldrarnir styðja þétt við bak dótturinnar.**

**EM2017** Foreldrar Öglu Maríu Albertsdóttur, Elín Þórðardóttir og Albert Jónsson, eru sannkallaðir fótboltaforeldrar. Sonurinn Aron Þórður spilar með Þrótti og Agla María varð Íslandsmeistari í fyrrasumar með Stjörnunni. Sól hennar hefur skinið skært síðan.

„Pabbi þeirra spilaði fótbolta en krakkarnir eru svo sem búnir að prófa margar íþróttir," segir Elín sem sjálf er með svarta beltið í jiu-jitsu .

„Við lögðum áherslu á að þau myndu prófa margar íþróttir og velja svo sjálf. Ekki að þeim yrði beint í ákveðna átt," segir Elín. Fótboltinn varð fyrir valinu. „Skemmtun vikunnar er tveir til þrír leikir."

Albert Þórður hefur bæði spilað með Fram, eins og pabbi hans gerði, og HK en undanfarin ár með Þrótti í tveimur efstu deildunum. Hann á að baki leiki með yngri landsliðum.

Systkinin Aron og Agla María ná vel saman. „Þau eru góðir vinir og styðja hvort annað," segir móðirin.

Agla María verður átján ára í ágúst. Elín segir hlutina hafa gerst mjög hratt undanfarið. Sjálf hefur Agla María sagst ekki hafa leitt hugann að því um áramótin að hún færi á EM.

„Við höfum vitað það mjög lengi að hún hefði mikla hæfileika en bara spurning hvenær hún myndi springa út. Svo á hún enn eftir að vaxa," segir Elín og minnir á aldurinn. Sautján ára. „Við reynum að vera bara róleg yfir þessu öllu saman og höldum okkur niðri á jörðinni."

Ekki var að sjá meira stress á Öglu Maríu en öðrum leikmönnum Íslands í leiknum gegn Frakklandi.

„Hún er mjög einbeitt þegar hún fer í verkefni, hvort sem það eru fótboltaleikir eða námið. Þetta er bara Símamót á sterum," segir Elín og vísar til árlegs móts Breiðabliks fyrir ungar stúlkur.



**Mæðgurnar Elín Þórðardóttir og Agla María Albertsdóttir á fótboltavellinum.**

> **Við höfum vitað það mjög lengi að hún hefði mikla hæfileika.**
>
> Elín Þórðardóttir

„Þegar þú ert lítil þá finnst þér það rosastórt og þegar þú verður eldri þá er EM náttúrulega mjög stórt."

Ekki varð ljóst hvort Agla María yrði í landsliðshópnum fyrr en hann var kynntur þann 22. júní. Foreldrarnir voru þó búnir að kaupa sér farseðil til Hollands. Við pöntuðum far en erum svo sem von því að breyta farmiðum, það fer oft eftir leikjum og æfingum," segir Elín.

Þau Elín og Albert sáu Frakkaleikinn og von er á Aroni stóra bróður á morgun. Hann spilar með Þrótti gegn ÍR í 1. deildinni í kvöld.

Elín er dugleg að minna fólk á það að Agla María vilji láta kalla sig báðum nöfnum, ekki aðeins því fyrra. Blaðamenn hafa fengið tölvupósta þegar þeir hafa gert þau mistök. Elín hlær aðspurð um þetta. „Hún hefur viljað láta kalla sig báðum nöfnum frá því hún var ung."

Foreldrarnir voru í stuttri heimsókn hjá Öglu Maríu í gær en landsliðsmenn hafa nokkuð frjálsan tíma um miðjan dag, dagana á milli leikja, til að hitta fjölskyldur sínar. Fólkið sem hefur stutt við bakið á þeim og gerir enn í Frakklandi.

„Allir foreldrar þurfa að styðja börnin sín vel, gera það sem þarf til að hjálpa þeim að ná markmiðum sínum og draumum."

**kolbeinntumi@365.is**


BEARNAISE
KARTÖFLUSALAT
Þykkvabæjar
Nýtt
ÖFLUSALAT
EÐ LAUK OG GRASLAUK
450 gr.
Þykkvabæjar
Nú tvær nýjar tegundir!
GRILL-
MATURINN
ELSKAR
Þykkvabæjar
HRÁSALAT
400 gr.
Þykkvabæjar
SÆTKARTÖFLU
SALAT
400 gr.
Þykkvabæjar
Nýtt

# Dregið úr leit við Gullfoss í dag

**BJÖRGUNARMÁL** Dregið verður úr leit í dag að manni sem féll í Gullfoss á miðvikudag. Þetta segir Sveinn Kristján Rúnarsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Suðurlandi. Þó átti eftir að ákveða nákvæmlega með hvaða hætti leit færi fram þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Að sögn lögreglu eru litlar líkur á að eitthvað finnist í bráð, nú þegar leitað hefur verið í talsverðan tíma. Leit næstu daga mun því einkennast af eftirliti.

Leitin í gær bar ekki árangur en lögregla segist hafa nokkra vissu fyrir því að maðurinn sé erlendur hælisleitandi. Leitað var fótgangandi, á bátum, með drónum og þá sveimaði þyrla Landhelgisgæslunnar yfir leitarsvæðinu. Net var sett í ána upp úr hádegi en leit var hætt um kvöldmatarleytið. Segir lögregla leitarsvæðið afar erfitt og það torveldi leitina að manninum.

Samkvæmt heimildum fréttastofu er maðurinn frá Georgíu en lögregla vill ekki upplýsa um nafn hans fyrr en haft hefur verið samband við aðstandendur. Að sögn lögreglu flækir það þó ferlið að aðstandendur hans eru allir erlendis. **– þea**



**Þyrla gæslunnar var aftur kölluð til leitarinnar við Gullfoss í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/JÓI K.



**Flugfargjöld til útlanda hækkuðu á milli mánaða.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Fargjöld hækka umfram spár

**EFNAHAGSMÁL** Hækkun húsnæðisverðs og flugfargjalda til útlanda knúði verðbólguna áfram í júlí. Ársverðbólga hækkaði úr 1,5 prósentum í 1,8 prósent á milli mánaða. Á móti vógu þó áhrif af sumarútsölum.

Reiknuð húsaleiga hækkaði um 1,7 prósent í mánuðinum, samkvæmt Hagstofu Íslands. Mesta athygli vekur mikil hækkun flugfargjalda. Hækkuðu þau alls um 20,3 prósent sem er heldur meira en greiningardeildir bankanna spáðu.

Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 1,8 prósent en vísitalan án húsnæðis hefur lækkað um 3,1 prósent. **– kij**

## Láni aðeins 85% af markaðsverði

**EFNAHAGSMÁL** Ekki má lána fyrir meira en 85 prósentum af markaðsverði fasteignar samkvæmt nýjum reglum Fjármálaeftirlitsins (FME). Við kaup á fyrstu fasteign verður þó heimilt að lána allt að 90 prósent.

Tilgangurinn er meðal annars sá að varðveita fjármálastöðugleika. Upplýsingar FME benda til að lánastofnanir hafi slakað á lánaskilyrðum samhliða aukinni samkeppni á fasteignalánamarkaði. Þó hafi vöxtur útlána til heimila verið hóflegur.

FME segir að reglurnar séu því einkum settar til að tryggja að lánveitendur slaki ekki frekar á lánaskilyrðum í ljósi harðnandi samkeppni, nú þegar hækkanir á íbúðaverði séu miklar og vextir lækki. **– kij**

# Ekki upplausn í ríkisstjórninni vegna pistils fjármálaráðherra

**Bjarni Benediktsson forsætisráðherra segir að stefna ríkisstjórnarinnar hvað varðar krónuna sé skýr. Hann segir enga upplausn vera innan ríkisstjórnarinnar þrátt fyrir pistil Benedikts Jóhannessonar fjármálaráðherra í Fréttablaðinu gær þar sem fram kom sú skoðun að skipta beri krónunni út fyrir annan gjaldmiðil.**

**STJÓRNMÁL** „Það er engin upplausn í ríkisstjórninni. Stefna hennar er alveg skýr hvað þetta snertir,“ segir Bjarni Benediktsson forsætisráðherra um grein Benedikts Jóhannessonar sem birtist í Fréttablaðinu í gær.

„Mér finnst mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að það er ekki stefna ríkisstjórnarinnar að skipta út gjaldmiðlinum. Það er alveg skýrt,“ segir Bjarni en hann er staddur í Hollandi þar sem hann ætlar að hvetja íslenska kvennalandsliðið í fótbolta til dáða.

Grein Benedikts hét einfaldlega Má fjármálaráðherra hafna krónunni? Þar sagði hann að krónan væri hemill á heilbrigð viðskipti. Þá sagði hann að fjármálaráðherra bæri skylda til að leggja til þann kost sem farsælastur væri fyrir Íslendinga.

Bjarni segir að stjórnmálaflokkurinn sem Benedikt leiðir, Viðreisn, hafi talað um að það væri skynsamlegt að skipta út gjaldmiðlinum.

„Stjórnarsamstarfið kveður á um annað og það er alveg skýrt, segir forsætisráðherra.

„Við höfum verið að vinna að endurbótum á ramma peningamála í landinu. Það er að störfum nefnd sem sett var af stað, einmitt undir þeim formerkjum að krónan yrði okkar gjaldmiðill,“ segir Bjarni.

Að sögn Bjarna má segja um sveiflurnar á gengi krónunnar að þær hafi verið eðlilegar í ljósi þess mikla hagvaxtar sem hafi verið hér og sé langt umfram það sem sé að gerast í kringum okkur.

„Að því leytinu til hefur krónan verið að þjóna sínu hlutverki vel. Hún hefur verið að styrkjast í samræmi við stórauknar útflutningstekjur.“



**Bjarni Benediktsson segir að sveiflurnar á gengi krónunnar hafi verið eðlilegar í ljósi mikils hagvaxtar. Fjármálaráðherra vill marka leið stöðugleika þar sem hagsmunir almennings og fyrirtækja fara saman.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Bjarni bendir á að Seðlabankinn hafi metið það svo að Ísland sé nálægt jafnvægisraungengi, það er að segja að þjóðarbúskapurinn standi ágætlega undir því gengi sem landinn býr við.

„Það er augljóst að sumar útflutningsgreinar finna fyrir því að gengið styrkist jafn hratt og raun ber vitni. En það er líka til merkis um að það hefur gengið vel í þessum greinum. Það má ekki gleyma hvað þetta hefur haft áhrif á kaupmátt almennings og haldið verðbólgu lágri,“ segir Bjarni Benediktsson forsætisráðherra. **benediktboas@365.is**

> **Mér finnst mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að það er ekki stefna ríkisstjórnarinnar að skipta út gjaldmiðlinum.**
>
> Bjarni Benediktsson forsætisráðherra



# Ford TRANSIT




FORD TRANSIT **CONNECT**
FRÁ **2.056.000** KR. ÁN VSK
2.550.000 KR. MEÐ VSK
**FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR**

FORD TRANSIT **CUSTOM**
FRÁ **3.016.000** KR. ÁN VSK
3.740.000 KR. MEÐ VSK
**FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR**

FORD TRANSIT **VAN**
FRÁ **3.866.000** KR. ÁN VSK
4.795.000 KR. MEÐ VSK
**FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR**
**FÁANLEGUR MEÐ FJÓRHJÓLADRIFI**

# #VINSÆLASTIR

**ENN BETRA VERÐ!**
**BÍLAR TIL AFHENDINGAR STRAX!**

Transit eigendur hafa í áratugi sett traust sitt á styrk, virkni og áreiðanleika Ford sendibíla. Þeir hafa fengið fjölda verðlauna enda vinnuþjarkar, sparneytnir og þekktir fyrir lága bilanatíðni. Í fyrra var Ford Transit mest seldi sendibíll í heimi.

Transit er ríkulega búinn m.a. með Bluetooth, olíumiðstöð með tímastillingu (alltaf heitir á morgnana), spólvörn, brekkubremsu og aksturstölvu.

Brimborg leggur mikla áherslu á framúrskarandi þjónustu við Transit eigendur enda leggja þeir traust sitt á sendibíla frá Ford.

***Ford er frábær!***
***Komdu í Brimborg og tryggðu þér Transit sendibíl á enn betra verði!***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
Lokað á laugardögum í sumar



**Mannauðsstjóri vill endurskoða ráðningarreglur.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Ráðning æðstu manna broguð

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Annmarkar eru á vinnureglum um ráðningarferli æðstu stjórnenda hjá Mosfellsbæ, segir í minnisblaði mannauðsstjóra sem lagt var fyrir bæjarráð með tillögum um breytta reglur.

„Með þeim er ætlunin að straumlínulaga ferlið við umsagnir til samræmis við núverandi stjórnskipulag og skerpa aðkomu bæjarráðs og bæjarstjórnar að ráðningum lykilsstjórnenda,“ segir í minnisblaðinu.

Bæjarráð frestaði málinu. – **bb**

## Snýr ekki aftur eftir ásakanir

**SKÓLAMÁL** Starfsmaður Barnaskólans í Reykjavík, sem vikið var tímabundið úr starfi í vor vegna gruns um ofbeldi gegn nemendum skólans, kemur ekki aftur til starfa við skólann. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Hjallastefnunni.

Könnun Barnaverndar Reykjavíkur leiddi í ljós að viðbrögð starfsmannsins við „óæskilegri“ hegðun nemenda hafi ekki verið eins og best varð á kosið. Ekki var þó talin ástæða til að vísa málinu til lögreglu. Skólastjórinn, sem einnig var vikið tímabundið úr starfi, er kominn til starfa að nýju. Barnavernd segir ávirðingar á hendur honum ekki hafa átt við rök að styðjast. – **aá**



**Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar**



**Cecil tók á móti syni sínum á ljónahimnum.** NORDICPHOTOS/AFP

## Drap son Cecils

**SIMBABVE** Xanda, sex ára sonur ljónsins Cecils, sem tannlæknirinn Walter Palmer drap árið 2015, var drepinn rétt utan við Hwange-þjóðgarðinn í Simbabve í gær. BBC greinir frá því að veiðimaður hafi drepið ljónið sér til gamans.

Ekki hefur verið greint frá því hver drap Xanda, sem átti nokkra ljónsunga, en hulduaðurinn er sagður hafa tilkynnt yfirvöldum um drápið og skilað rekjanlegri ól sem Xanda bar.

Líklega vonast veiðimaðurinn til þess að vekja ekki sams konar viðbrögð og Palmer gerði þegar hann drap Cecil. Alþjóðasamfélagið brást þá harkalega við og fordæmdi drápið harðlega, enda Cecil afar vinsæll í heimalandinu. Til að mynda skildu mótmælendur tuskudýr í ljónslíki eftir í tugatali við innganginn að tannlæknastofu Palmers. – **þea**

## Öðruvísi hamingjuóskir




**Indverjar leituðu í gær ýmissa leiða, margra frumlegra, til að óska Ram Nath Kovind til hamingju með kjör hans í embætti forseta landsins. Kosið var þann sautjánda júlí en niðurstöður lágu ekki fyrir fyrr en í gær. Hlaut hinn 71 árs Kovind nærri tvöfalt fleiri kjörmenn en mótframbjóðandinn, Meira Kumar. Kovind var frambjóðandi BJP-flokksins, sem er flokkur Narendra Modi forsætisráðherra.** NORDICPHOTOS/AFP

# Frjáls innflutningur engin ógn við heilsufar manna og dýra

**Aukinn fjöldi ferðamanna virðist líklegri til þess að hafa áhrif á útbreiðslu lyfjaþols en innflutningur á búvörum, samkvæmt niðurstöðum nýrrar skýrslu sem unnin var fyrir Félag atvinnurekenda. Reynsla Norðmanna sýnir að frjáls innflutningur hafi ekki neikvæð áhrif á lýðheilsu manna eða heilbrigði dýra.**

**LANDBÚNAÐUR** Ekki er ástæða til að óttast að innflutningur á ferskum eggjum, vörum úr ógerilsneyddri mjólk og fersku kjöti muni hafa neikvæð áhrif á lýðheilsu fólks og heilsufar dýra, samkvæmt niðurstöðum nýrrar skýrslu sem ráðgjafarfyrirtækið Food Control Consultants hefur unnið fyrir Félag atvinnurekenda.

Framkvæmdastjóri félagsins segir enga innistæðu vera fyrir fullyrðingum um að frjálst flæði búvara stuðli að auknu sýklalyfjaóþoli hjá fólki.

Eins og kunnugt er hafa íslensk stjórnvöld bannað innflutning á fersku kjöti, ferskum eggjum og vörum úr ógerilsneyddri mjólk. ESA, eftirlitsstofnun EFTA, hefur höfðað mál gegn íslenska ríkinu af þeim sökum og má vænta dóms öðru hvoru megin við næstu áramót. Auk þess er von á niðurstöðu Hæstaréttar í máli Ferskra kjötvara gegn ríkinu vegna banns við innflutningi á fersku kjöti á svipuðum tíma.



**EFTA-dómstóllinn og Héraðsdómur Reykjavíkur segja að bann við innflutningi á fersku kjöti brjóti í bága við EES-samninginn. ESA rekur mál gegn íslenska ríkinu vegna innflutningsbanns á ferskum eggjum, kjöti og fleiru.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, segir að ef niðurstaða dómsmálanna verði sú að innflutningshöftunum verði aflétt, þá sýni skýrslan fram á að ekki sé ástæða til að hafa áhyggjur af dýraheilbrigði eða lýðheilsu fólks.

„Hér gilda sömu reglur og í öðrum EES-ríkjum um matvælaeftirlit. Til dæmis er eftirlit með útbreiðslu dýrasjúkdóma og hvers konar matarsýkingum afar stíft í Evrópusambandinu. Það eftirlit er, eins og fram kemur í skýrslunni, ýmist jafn gott eða betra en hér á landi,“ segir hann.

Skýrsluhöfundar litu sérstaklega til Noregs, en þar hefur ferskt kjöt, egg og vörur úr ógerilsneyddri mjólk verið flutt inn um árabil í samræmi við EES-reglur. „Niðurstaða þeirra er að það er ekkert sem bendir til þess að innflutningur á þessum vörum hafi haft nokkur neikvæð áhrif á lýðheilsu og heilbrigði dýra í Noregi,“ segir Ólafur.

Hann nefnir að í umræðum um innflutning kjöts hafi mikið verið gert úr því að sýklalyfjanotkun sé meiri í evrópskum landbúnaði en hér á landi. „Og margir hafa verið óhræddir við að fullyrða á grundvelli mjög takmarkaðra gagna að innflutningur á búvörum frá þessum ríkjum gæti stuðlað að auknu sýklalyfjaónæmi hjá fólki hér á landi. Niðurstöður skýrslunnar sýna að

> **Rannsóknir benda aftur á móti eindregið til þess að það sé mjög takmarkað samband á milli sýklalyfjaónæmis í dýrum og ónæmis í fólki.**
>
> Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

það er engin innistæða fyrir slíkum fullyrðingum. Rannsóknir benda aftur á móti eindregið til þess að það sé mjög takmarkað samband á milli sýklalyfjaónæmis í dýrum og ónæmis í fólki,“ nefnir hann.

Aukinn straumur ferðamanna til landsins sé líklegri til þess að hafa áhrif á útbreiðslu lyfjaþols en frjálst flæði matvæla. Eins benda skýrsluhöfundar á að ástæða sé til að huga vel að frárennslismálum, sem eru eins og kunnugt er víða í ólestri, til þess að koma í veg fyrir sýklalyfjaónæmi.

„Það er deginum ljósara að bæði ferðamannastraumurinn og frárennslismálin, svo ekki sé talað um meginorsökina fyrir sýklalyfjaónæmi í fólki sem er ofnotkun á sýklalyfjum í heilbrigðiskerfinu, eru áhættuþættir sem verðskulda mun fremur athygli stjórnvalda heldur en innflutningur á matvælum sem er bara lítill áhættuþáttur, ef nokkur.“

kristinningi@frettabladid.is



# EKKI BARA GÆÐI

## SMÍÐABUXUR
### STRECH



Slitsterkar vinnubuxur með lágu klofi og mjókkandi skálmum. Til þess að hámarka hreyfanleika og þægindi eru teygjubætur í klofinu og á kálfum.

**19.900** m/vsk
Fullt verð 25.900

## VINNUBUXUR
### SERVICE STRECH



**10.900** m/vsk
Fullt verð 13.900

## JAKKI
### SOFTSHELL



**9.900** m/vsk
Fullt verð 15.710

## HETTU-PEYSA



**6.900** m/vsk
Fullt verð 9.500

## POLO-BOLUR



**2.900** m/vsk
Fullt verð 4.948

## SMÍÐA-BUXUR



**9.900** m/vsk
Fullt verð 15.799

## ÖRYGGIS-GLERAUGU



**490** m/vsk
Fullt verð 782

## HNJÁPÚÐAR
### GEL




**4.500** m/vsk
Fullt verð 6.907

## REGNSETT



**9.900** m/vsk
Fullt verð 14.816

## VINNUBUXUR
### SERVICE STRECH



Þægilegar buxur með sterku strech efni á völdum svæðum til að auka þægindi í vinnu.

**11.900** m/vsk
Fullt verð 14.900

www.sindri.is | sími 567 6000
Skútuvogi 1, Reykjavík
Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi

SINDRI VINNUFÖT

# Ójöfn keppni



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Íslensk verslun stendur á tímamótum. Stærstu fyrirtækin á íslenskum smásölumarkaði – Hagar og Festi – hafa á undanförnum mánuðum og misserum gripið til aðgerða til að bregðast við vaxandi samkeppni, meðal annars með áformum um að færa út kvíarnar og ná þannig fram auknum samlegðaráhrifum. Hagar riðu á vaðið undir lok síðasta árs þegar tilkynnt var um kaup smásölurisans á Lyfju fyrir tæplega sjö milljarða. Nú er hins vegar komið í ljós, meira en átta mánuðum síðar, að þau kaup munu ekki ganga eftir. Samkeppniseftirlitið ógilti fyrr í vikunni – nokkuð óvænt – samruna félaganna með þeim rökum að Hagar hefðu „styrkt markaðsráðandi stöðu sína á dagvörumarkaði og skaðleg samþjöppun hefði orðið á þeim mörkuðum sem Hagar og Lyfja starfa bæði á, ekki síst hreinlætis- og snyrtivörumarkaði“. Snyrtivörusala Lyfju, sem er aukabúgrein lyfjakeðjunnar, er því með öðrum orðum gerð að aðalatriði í niðurstöðu eftirlitsins. Það verður að teljast áhugavert.

Viðbrögð á hlutabréfamarkaði við þessum tíðindum voru fremur lítil. Hlutabréfaverð Haga lækkaði aðeins lítillega en frá opnun Costco hefur það fallið um liðlega 25 prósent. Ljóst er að koma Costco – að minnsta kosti til skemmri tíma litið – hefur haft muni meiri áhrif en fjárfestar og forsvarsmenn Haga höfðu reiknað með. Þeir sváfu á verðinum. Þótt niðurstaða Samkeppniseftirlitsins sé stjórnendum félagsins án efa áfall, en lögfræðiálit sem Hagar höfðu látið gera sýndu að slíkur samruni yrði að líkindum heimilaður, þá er ljóst að enn meira er undir fyrir Haga þegar kemur að kaupum félagsins á Olís. Eggert B. Ólafsson, lögmaður hjá Samkeppnisráðgjöf, telur síðustu ákvörðun eftirlitsins þó ekki gefa fyrirheit um það sem koma skal í þeim efnum. Í viðtali við Viðskiptablaðið segist hann telja líklegt að sá samruni verði leyfður – og einnig kaup N1 á Festi – en að honum verði sett „skilyrði til að stemma stigu við útilokunaráhrifum, enda eru dagvörumarkaðurinn og bensínmarkaðurinn fákeppnismarkaðir“.

Sú staða sem nú er uppi á dagvörumarkaði er hins vegar um margt sérstök. Á sama tíma og Hagar teljast vera markaðsráðandi fyrirtæki, með um og yfir 50 prósent markaðshlutdeild á landsvísu, þá gildir annað um næststærsta smásölufyrirtæki heims – Costco – sem getur, kjósi það svo, selt sumar vörur sínar undir kostnaðarverði með löglegum hætti. Það má sýna þeim sjónarmiðum skilning að fyrir íslensk smásölufyrirtæki er þetta líklega ekki öfundsverð samkeppnisstaða – og við bætist að bandaríski smásölurisinn nýtur mun betri innkaupakjara í krafti stærðar sinnar.

Ekki aðeins hefur innreið Costco – og bráðum H&M – gerbreytt samkeppnisumhverfi á smásölumarkaði hérlendis á skömmum tíma heldur er kauphegðun neytenda einnig að taka stakkaskiptum með ört vaxandi netverslun. Sé litið til annarra ríkja, einkum og sér lagi Bandaríkjanna, er líklegt að sú þróun sé enn mjög skammt á veg komin hér á landi. Eigi íslensk fyrirtæki, sem starfa á örmarkaði, að geta mætt þessari nýju samkeppni þurfa þau að leita leiða til frekari hagræðingar, sem meðal annars hlýtur að felast í meiri samþjöppun á markaði. Samkeppniseftirlitið virðist hins vegar vera á öðru máli.

**Snyrtivörusala Lyfju, sem er aukabúgrein lyfjakeðjunnar, er því með öðrum orðum gerð að aðalatriði.**

Apótek Garðabæjar

Gríptu lyfin á leiðinni heim
Apótek Garðarbæjar í alfaraleið



Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010

## Halldór




## Frá degi til dags

**Hvíldin er góð**

**Samgöngustofa bryndi í gær fyrir atvinnubílstjórum stórra ökutækja að þeir þyrftu að vera duglegri að hvíla sig og virða reglur um hvíldartíma. Mikið er til í því að bílstjórar þurfi á hvíld að halda enda eykur þreyta hættuna á slysum til muna. Svo getur líka verið notalegt að hvíla sig.**

**Þótt hvíldarþörf bílstjóra sé brýn, enda hætta á því að líf tapist hvíli þeir sig ekki, mættu fleiri starfsstéttir vera duglegri að hvíla sig. Enda afkastar úthvíldur starfsmaður meiru, nema kannski viðkomandi vinni við að prófa dýnur.**

**Meira frelsi**

**Skýrsla Food Control Consultants leiðir í ljós að innflutningur á ferskum dýraafurðum hafi ekki neikvæð áhrif á lýðheilsu fólks og heilsufar dýra. Slíkur innflutningur er bannaður, eflaust frekar til að vernda innlenda framleiðendur en heilsufar fólks þótt fyrrverandi ráðherrar Framsóknarflokksins hafi lýst efasemdum um innflutt kjöt.**

**Gott mál væri að leyfa þennan innflutning, enda ósanngjarnt gagnvart neytendum og fyrirtækjum að setja slíkar hömlur. Þó er kannski fulllangt gengið að segja að slíkur innflutningur hafi ekki áhrif á heilsufar dýra. Þótt hann ógni ekki heilsufari innlendra dýra væru dýr, hverra kjöt yrði flutt inn, drepin.**

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Leiksýning fjármálaráðherra



Lilja Dögg Alfreðsdóttir
alþingismaður

Íslensk hagstjórn stendur frammi fyrir tveimur umfangsmiklum verkefnum á næstu misserum. Annars vegar að byggja upp traust á fjármálakerfinu og hins vegar að endurskoða peningastefnuna.

Til að auka traust og tiltrú á fjármálakerfinu og stofnanaumgjörðinni er nauðsynlegt að ráðist sé í breytingar og að eftirlit með fjármálastofnunum verði fært undir einn hatt í stað tveggja eins og er í dag. Sameina þarf starfsemi Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins er lýtur að bankaeftirliti. Í byrjun júlímánaðar tók gildi ný eigendastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki. Engin framtíðarsýn er sett þar fram fyrir utan það að selja skuli eignarhluti í bönkunum. Ríkisstjórnin stefnir að því að ríkið eigi 34-40 prósenta eignarhlut í Landsbankanum hf. til langframa en annað verði selt þegar hagfelld og æskileg skilyrði eru fyrir hendi. Engin haldbær rök eru færð fyrir því hvers vegna ríkissjóður hyggst eiga að hámarki 40 prósent í Landsbankanum, en ekki meira eða minna. Ástæða þess er einföld, það skortir sýn í þessu veigamikla máli.

Til þess að stefnumótun sé farsæl og trúverðug þarf bæði skýra framtíðarsýn og góðan undirbúning. Fjármála- og efnahagsráðherra hefur hafnað gjaldmiðli þjóðarinnar án þess að vera búinn að undirbúa málið nokkuð innan ríkisstjórnarinnar. Skipuð var verkefnastjórn um endurmat á peningastefnu þar sem gengið er út frá því að umgjörð krónunnar verði bætt. Óskað hefur verið eftir samvinnu og sátt um vinnu þessarar verkefnastjórnar. En hvernig er það hægt þegar fjármála- og efnahagsráðherra ætlar sjálfur ekki að leyfa verkefnastjórninni að vinna í friði og er kominn með fyrirframgefna niðurstöðu? Hvað mun ráðherrann gera ef verkefnastjórnin kemst að annarri niðurstöðu en ráðherrann? Er Viðreisn þá sætt í ríkisstjórninni? Eða er ekkert að marka orð fjármála- og efnahagsráðherra þegar hann tekur afstöðu í grundvallarmáli eins og þessu? Það er fáheyrt að fjármálaráðherra þjóðríkja tali gegn eigin gjaldmiðli. Ef mark er tekið á ráðherranum þá veikist gjaldmiðillinn og almenningur verður fyrir kjararýrnun.

Þetta nýjasta krónufrumhlaup ráðherrans minnir okkur á þegar hann ætlaði að kasta 10.000 króna seðlinum án æskilegs undirbúnings og hörfaði á mettíma af leiksviðinu með málið. Þjóðin á betri vinnubrögð og undirbúning skilið.

**Fjármála- og efnahagsráðherra hefur hafnað gjaldmiðli þjóðarinnar án þess að vera búinn að undirbúa málið nokkuð innan ríkisstjórnarinnar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Mínímalistarnir

**Í DAG**



Bergur Ebbi

Nú veit ég ekki hvernig þú ert að lesa þennan pistil, kæri lesandi. Kannski í nýprentuðu dagblaði sem ilmar af bleki eða af tölvuskjá. Kannski af fimm tommu snjallsímaskjá. Og kannski er einhver tilkynning að laumast yfir skjáinn akkúrat núna. „New Message from Sandra Ólafsdóttir“. Og þú smellir á tilkynninguna og fyrr en varir ertu kominn í samtal við Söndru Ólafsdóttur en í samtalinu er hlekkur á grein sem inniheldur hlekk á myndband og fyrr en varir ertu að horfa á konu í Malasíu borða þurrkaðar plómur. Með öðrum orðum. Það sem hófst með þessum pistli getur endað í Malasíu á örskotsstundu. Og hafir þú einu sinni villst af leið þá er ólíklegt að þú finnir þennan pistil aftur enda er um milljónir áhugaverðra skoðana að velja og líklegast hef ég bara eina tilraun til að halda athygli þinni. Og þannig er það bara.

Það er samt líklega ekkert að að því að benda fólki á að það þarf ekki að lifa lífi sínu í sífelldum athyglisbresti. Það er enginn að skylda mann til að opna Twitter sjötíu og fimm sinnum á dag og Instagram hundrað og fimmtíu sinnum. Og Sandra Ólafsdóttir verður ekki neitt sérstaklega reið þó þú opnir ekki skilaboðin frá henni samstundis því hún er sjálf með athyglisbrest og líklega í samtali við þrjá aðra á sama tíma.

**Netflixaðu merkingu í líf þitt**

Hér koma skilaboð sem gætu átt við um býsna marga (sjálfan mig meðtalinn): Jafnvel þó að þú drægir úr internet-notkun þinni um helming myndi það varla hafa mikil áhrif á líf þitt. Þú myndir ekki missa af svo miklu. Það mun ekki koma niður á vinnu þinni (mun líklega frekar bæta hana) og fólk mun ekki hætta að elska þig. Það eru eiginlega varla nein haldbær rök fyrir því að þurfa að skanna fréttir og uppfærslur jafn hratt og fólk virðist almennt gera. Það má færa góð rök fyrir því að stór hluti samfélagsins sé hreinlega að lifa lífi sínu vitlaust! En geymum þann punkt í augnablik. Við komum að honum aftur í lokin.

Í net- og afþreyingarvafri mínu hef ég nokkrum sinnum rekist á fyrirbæri sem nefnist „The Minimalists“. Ég kalla þetta „fyrirbæri“ því ég veit varla hvernig ég get skilgreint þetta nákvæmlega. Þetta er heimasíða með allskonar góðum boðskap en rauði þráðurinn er sá að líf nútímamannsins sé yfirfullt af óþarfa: óþarfa nethangsi, óþarfa veraldlegum hlutum og óþarflega mörgum vinnustundum; og nútímamaðurinn verður ekki hamingjusamur fyrr en hann byrjar að feta leið mínímalismans. En eins og flest í nútímanum þá er „The Minimalists meira en bara heimasíða. Það eru fyrirlestrar, blogg, bækur og heimildarmyndir. Þetta er heildarkonsept. Og varla hægt að hafa neitt á móti því. Stór hluti af fróðleiknum er ókeypis svo það er ekki einu sinni hægt að saka mínímalistana um að vera hræsnarar í leit að skjótum gróða. Það má færa góð rök fyrir því að boðskapur mínímalistanna sé mjög gagnlegur. Og það er varla nein ástæða fyrir mig að gagnrýna slíkan boðskap. Ef mér líkar hann ekki, þá get ég bara sleppt því að hlusta á hann. Það eru líka góð rök.

> **En eins og flest í nútímanum þá er „The Minimalists“ meira en bara heimasíða. Það eru fyrirlestrar, blogg, bækur og heimildarmyndir. Þetta er heildarkonsept.**




**Yfirsmurða brauðsneiðin**

Raunar er heimurinn fullur af góðum rökum. Það sem við skoðum allan daginn á netinu eru lausnir, konsept og hugmyndir. Það eru flóttaleiðir, nýjungar og uppfærslur sem koma í veg fyrir að við festumst í einni hugmyndafræði of lengi. Því ef það gerist, þá stöðnum við. En hugmynd eins og sú sem mínímalistarnir boða með öllum sínum hlaðvörpum og Netflix-heimildarmyndum er samstundis háð sömu annmörkum um ferskleika, uppfærslur og nýjungar og gerir í raun lítið annað en að bæta enn einu konseptinu í vitund okkar. Í raun er hugmynd mínímalistanna lítið annað en ævaforn spakmæli í sífellt nýjum umbúðum. Það er ný miðlun á gamalli hugmynd. Umbúðir utan um eitthvað sem hefur alltaf verið til. Sem er soldið þversagnarkennt því ef við þráum í raun og veru mínímalisma þá væri besta ráðið að hætta að deila, hætta að dreifa boðskapnum, hætta að segja öðrum frá þeim sannleika sem við höfum fundið. Það er miðlunin sjálf sem er vandamálið. Það er miðlunin á góðum rökum, lausnum, hugmyndum og almennri snilld sem veldur því að fólk getur ekki lengur farið í göngutúr án þess að hlusta á mannbætandi hlaðvarp í leiðinni.

Ef þú náðir að lesa þetta til enda þá er það gott. Því ég skal óhræddur segja að ég vil þína athygli. Ég vil hana hundrað prósent. Samt er ég ekki að segja neitt nýtt. Mér finnst bara mínar umbúðir betri en umbúðirnar hjá öllum hinum. Og ég veit að það eru hræðilega léleg rök. En samt veit ég að þau hræðilegu rök eru réttari en öll þau góðu rök sem ég gæti komið með, eins þversagnarkennt og það hljómar.





GE bílar Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400 | Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622 | Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilak.is 461 2533 | Bílaverkstæði Austurlands Egilsstöðum www.bva.is 470 5070 | IB ehf. Selfossi www.ib.is 480 8080 | BL söluumboð Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

## Viðar Örn og félagar bundu enda á Evrópuævintýri KR-inga í ár



**Einn Íslendingur fagnaði sigri** Viðar Örn Kjartansson var í byrjunarliði ísraelska liðsins Maccabi Tel Aviv í gær þegar liðið vann 2-0 sigur á KR á KR-vellinum í 2. umferð forkeppni Evrópudeildarinnar en með þessum sigri sendi Maccabi lið KR út úr Evrópukeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

# Markahrókur í miðverðinum

Glódís Perla Viggósdóttir segir íslenska kvennalandsliðið betra núna en þegar það mætti Sviss síðast. Það er líka eins gott því síðustu leikir gegn svissneska liðinu hafa ekki farið vel. Íslandi gengur illa að skora en sjálf var Glódís markahrókur á árum áður. „Við munum skora. Í rauninni hef ég engar áhyggjur,“ segir Glódís.

UEFA WOMEN'S EURO 2017 THE NETHERLANDS

Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is

**FÓTBOLTI** Stelpurnar okkar æfðu á æfingasvæði sínu í Harderwijk í gær en í dag ferðast þær svo til Doetinchem þar sem þær mæta Sviss í öðrum leik liðsins á EM í Hollandi á laugardaginn. Leikurinn fer fram á Tjarnarhæðinni sem er heimavöllur 1. deildar liðsins De Graafschap en hann tekur um 12.000 áhorfendur.

Íslenska liðið þarf á góðum úrslitum að halda en því hefur ekki gengið vel á móti Sviss í síðustu leikjum. Ísland mætti Sviss árlega frá 2013-2015 og tapaði öllum þremur leikjunum með markatölunni 7-0. Tveir leikirnir voru í undankeppni HM 2015 og einn á Algarve-mótinu.

„Við erum með betra lið núna en þegar við höfum spilað við þær áður, að mínu mati. Við eigum mikla möguleika eins og við spilum þennan varnarleik sem við höfum verið að spila í síðustu tveimur leikjum,“ segir Glódís Perla Viggósdóttir, miðvörður íslenska liðsins.

### Ekki eins góðar

Svissneska liðið tapaði í fyrsta leik fyrir Austurríki en austurríska liðið hefur verið á fljúgandi siglinu upp heimslistann undanfarin misseri. Talað er um að austurríska liðið sé núna eins og það svissneska var fyrir nokkrum árum þegar það var alltaf að pakka Íslandi saman. Þá var Sviss það lið sem var að taka mestum framförum.

„Ég held að þær séu ekki með alveg sömu gæði og Frakkar og Brasilía þannig möguleikar okkar eru góðir. Þær eru samt með frábært lið og góða einstaklinga og því þurfum við að passa okkur. En ef við spilum svona varnarleik eins og undanfarið eigum við góðan séns,“ segir Glódís Perla sem segir stelpurnar löngu hættar að hugsa um svekkelsið á móti Frakklandi.

„Við lögðum Frakkaleikinn fyrir aftan okkur og fórum strax að einbeita okkur að Sviss. Gærdagurinn fór bara í endurheimt og nú er fókusinn á Sviss og leikinn á laugardaginn.“

### Frábær samvinna

Varnarleikur íslenska liðsins hefur verið virkilega góður upp á síðkastið og var hreint frábær á móti Frakklandi sem er eitt sigurstranglegasta lið mótsins. Frakkarnir fengu eitt alvöru færi á móti íslensku vörninni en ekkert úr opnum leik heldur bara skalla í slá eftir hornspyrnu. Samvinna miðvarðatríósins var hreint mögnuð.

„Við náum allar mjög vel saman. Það er alltaf góð samvinna á milli miðvarðanna sama hver miðvarðanna í hópnum eru að spila saman. Allar tölum við saman og hjálpumst að. Sama hver spilar mun þetta alltaf ganga vel,“ segir Glódís.

Það eru samt ekki bara þær þrjár aftast sem sjá um að verjast heldur er þetta liðsheildin segir hún.



Glódís Perla Viggósdóttir á leið á æfingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/TOM

> Hann er frábær náungi. Hann kom alveg ótrúlega hress til móts við okkur og peppaði okkur.
>
> Glódís Perla Viggósdóttir

„Liðið verst líka frábærlega saman. Við spiluðum frábæran varnarleik á móti Frökkum frá fremsta manni. Baráttan og viljinn og hvernig við þorðum að fara í allt gekk ótrúlega vel. Við náðum líka að þvinga þær út úr sínum leik. Það er eitthvað sem við verðum að gera á laugardaginn líka ef við ætlum að ná árangri.“

### Gamall markahrókur

Þó svo að Glódís Perla hafi það að atvinnu að koma í veg fyrir að aðrir skori mörk eru ekki margir sem vita að hún var eitt sinn framherji. Glódís er uppalin hjá HK/Víkingi og skoraði fyrir liðið fjórtán mörk í ellefu leikjum í 1. deildinni árið 2011. Íslandi hefur gengið illa að skora að undanförnu en stelpurnar okkar eru ekki búnar að skora mark í fjórum leikjum í röð.

„Ég var einmitt að skjóta því að Ása [Ásmundi Guðna Haraldssyni aðstoðarþjálfara, innsk. blm.] að það ætti bara að setja mig fram,“ segir Glódís og brosir sínu breiðasta. „Nei, nei. Við munum skora. Í rauninni hef ég engar áhyggjur af þessu. Við erum búnar að fara vel yfir þetta allt saman.“

### Forsetinn frábær náungi

Stelpurnar fengu heimsókn frá forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni, í fyrradag. Heimsóknin lukkaðist vel þótt forsetinn hafi mætt aðeins of seint.

„Hann er frábær náungi. Hann kom alveg ótrúlega hress til móts við okkur og peppaði okkur. Hann var að tala við okkur um alls konar hluti eins og apagarða hérna í kring. Fanndís skammaði hann aðeins fyrir að mæta of seint en það var ótrúlega gaman að fá hann,“ segir Glódís Perla Viggósdóttir.

## EM 2017

### Reyndi að skamma forsetann sinn



Stelpurnar í landsliðinu fengu góða heimsókn þegar Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, kom á hótelið þeirra í Ermelo. Ástæðan fyrir því að allar stelpurnar voru að hlæja á myndunum frá heimsókninni var að Fanndís Friðriksdóttir reyndi að skamma hann fyrir að mæta of seint. „Það var einhver brandari um að hann hefði mætt aðeins of seint, kallinn. Fanndís lét Guðna aðeins heyra það en hann svaraði á mjög fyndinn hátt þannig að Fanndís gat ekkert svarað honum aftur,“ sagði markvörðurinn Guðbjörg Gunnarsdóttir í gær.

**EM 2017 í Hollandi**

UEFA WOMEN'S EURO 2017 THE NETHERLANDS

**A-riðill**

**Noregur - Belgía 0-2**
0-1 Van Gorp (59.), 0-2 Cayman (67.).

**Holland - Danmörk 1-0**
1-0 Sherida Spitse, víti (20.).

**Staðan í A-riðlinum:** Holland 6, Belgía 3, Danmörk 3, Noregur 0.

**Í dag er spilað í B-riðli**

| | | |
|---|---|---|
| 16.00 | Svíþjóð - Rússland | Deventer |
| 18.45 | Þýskaland - Ítalía | Tilburg |

**Forkeppni Evrópudeildarinnar**

**Domzale - Valur 3-2**
Guðjón Pétur Lýðsson og Nicolas Bögild skoruðu mörk Vals sem tapaði 5-3 samanl.

**KR - Maccabi Tel Aviv 0-2**
Maccabi vann 5-1 samanlagt.

**Inkasso-deildin**

**Leiknir R. - HK 1-2**
**Haukar - Fram 3-2**
**Fylkir - Grótta 4-0**
**Stig efstu liða:** Fylkir 29, Keflavík, 24, Þróttur 24, Haukar 20, Þór Ak. 19, Selfoss 18.

**VIKAR OG RAGNHILDUR EFST**
Hinn tvítugi Vikar Jónasson sýndi allar sínar bestu hliðar á fyrsta keppnisdeginum á Íslandsmótinu í golfi á Hvaleyrarvelli í gær. Keilismaðurinn lék gríðarlega vel í dag og kom inn í klúbbhúsið á 65 höggum eða 6 höggum undir pari. Hann er með eitt högg í forskot á GR-inginn Guðmund Ágúst Kristjánsson. Hin tvítuga Ragnhildur Kristinsdóttir úr GR er með eitt högg í forskot á Valdísi Þóru Jónsdóttur úr Leyni eftir fyrsta keppnisdaginn í kvennaflokki. Ragnhildur lék á 69 höggum eða tveimur höggum undir pari.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | KR - Maccabi | KR-völlur |
| 19.15 | Leiknir - HK | Leiknisvöllur |
| 19.15 | Haukar - Fram | Ásvellir |
| 19.15 | Fylkir - Grótta | Fylkisvöllur |
| 08.00 | Opna breska m.m. | Golfstöð |
| 19.05 | Leiknir R. - HK | Sport 2 |
| 02.00 | Man. Utd - Man. City | Sport |

FJALLIÐ EFTIR LUCA D'ANDREA | HALLA KJARTANSDÓTTIR ÞÝDDI

# SUMARTRYLLIR!




EFTIR SAMA HÖFUND OG KONAN Í LESTINNI!




DANSKUR GÆÐAKRIMMI!




Ítalskur tryllir sem fer nú sigurför um heiminn. Bókin hefur setið í þrjá mánuði á þýska metsölulistanum!

*„Má ýkjulaust bera saman við bækur eftir Stephen King og Jo Nesbø."*
La Repubblica

BJARTUR

## Merkisatburðir

**1808** Sveitalögreglu Íslands er komið á með tilskipun og hreppstjórar gerðir að lögregluþjónum. Þá er kveðið á um hvernig einkennisbúningar þeirra eiga að vera. Það eru bláar og svartar langbrækur, gult vesti og blá treyja með ekta silfurborða.

**1846** Sigurður Breiðfjörð deyr í Reykjavík, 48 ára. Hann var helsta rímnaskáld nítjándu aldar og naut mikillar alþýðuhylli.

**1899** Ernest Hemingway, bandarískur rithöfundur og nóbelsverðlaunahafi, er í heiminn borinn.

**1914** Sigurður Eggerz verður ráðherra Íslands og gegnir embættinu fram í maí 1915.



**1936 Sverðfisk** rekur á land við Breiðdalsvík, en fá dæmi eru þess að slíkur fiskur hafi fundist norðar en við Englandsstrendur

**1951 Robin Williams,** bandarískur leikari og uppistandari, fæðist.



**1963** Skálholtskirkja er vígð við hátíðlega athöfn að viðstöddum áttatíu prestum, prófstum og biskupum. Í tilefni vígslunnar eru allmörgum afbrotamönnum gefnar upp sakir.

**1987** Héðinn Steingrímsson verður heimsmeistari í skák á móti fyrir börn 12 ára og yngri.




†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Ingibjörg Ringsted**
viðskiptafræðingur,

lést þriðjudaginn 18. júlí á heimili sínu í faðmi fjölskyldu.

**Valmundur Pétur Árnason**
**Baldvin Ringsted** **Svandís Jóhannsdóttir**
**Árni Már Valmundarson** **Kolbrún Gígja Gunnarsdóttir**
**Pétur Örn Valmundarson** **Hlín Ólafsdóttir**
**Stefán Ernir Valmundarson** **Ragnheiður Emilía Auðunsdóttir**
**barnabörn.**



†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Þóru Ingibjargar Kristjánsdóttur**
Didiar,

Kirkjuteigi 25.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir góða umönnun og hlýju.

**Kristín Júlíusdóttir** **Hilmar Andrésson**
**Júlíus Þór Júlíusson** **Viktoría Dagbjartsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Baldur Arason**
Noregi,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi 16. júlí síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 24. júlí kl. 13.00.

**Berglind Magnúsdóttir**
**Heimir Baldursson**
**Sigríður Hafdís Baldursdóttir** **Hlynur Hringsson**
**Bára Baldursdóttir**
**Huldís, Viggó, Eva og Ingvar Emil**




**Hugrún Halldórsdóttir er ritstjóri Ferðafélagans.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# 90 ára ferðalag um sögu Ferðafélags Íslands

**Ferðafélag Íslands gaf nýverið út veglegt afmælisrit. Í afmælisritinu er að finna fróðleik og fjölbreyttar sögur af kraftmiklum og lífsglöðum Íslendingum. Hugrún Halldórsdóttir, ritstjóri Ferðafélagans, segir viðtöl við göngugarpa veita mikinn innblástur.**

Það má segja að þetta sé 90 ára ferðalag, yfirferð yfir starfsemi Ferðafélags Íslands," segir Hugrún Halldórsdóttir, ritstjóri Ferðafélagans, um afmælisrit félagsins sem kom nýlega út.

Spurð út í innihald afmælisritsins segir Hugrún: „Það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar ég hugsa til blaðsins er drifkraftur og jákvæðni sem hefur einmitt verið svo einkennandi fyrir félagið í öll þessi ár og við ritstjórnin höfðum að leiðarljósi. Ritið inniheldur fjölbreyttan fróðleik um fjölmargt sem viðkemur félaginu, landinu, náttúrunni og að sjálfsögðu fjallgöngum. Svo erum við svo lánsöm að njóta hæfileika bæði áhuga- og faglærðra ljósmyndara sem ganga á fjöll með okkur þannig að vel á annað hundrað ljósmynda gæða blaðsíðurnar lífi. Í ritinu eru einnig viðtöl við fólk úr Ferðafélagi Íslands og við fáum innsýn í líf þess."

Hugrún segir sögurnar í blaðinu klárlega veita innblástur. „Í blaðinu er landið okkar í forgrunni og fólki veittur innblástur. Á meðan á skrifum stóð var unnið ansi stíft og ég komst ekki í jafn margar göngur og ég hefði viljað á meðan. Þá fann ég hvernig ég iðaði í skinninu að komast á fjöll. Bara það hvernig fólk talar um göngur og hvað þær gera manni gott, það er hvetjandi.

Maður heyrir svo oft að fólk sé skemmtilegast á fjöllum en ég held bara að fólk sem stundar fjallgöngur sé það skemmtilegasta sem maður finnur," segir Hugrún og hlær. „Ég er búin að tala við svo marga félagsmenn í gegnum starfið og þeir sem eru allir svo kraftmiklir og jákvæðir."

### Erfitt að velja uppáhaldssögu

Í blaðinu er að finna fjölbreyttar sögur af fólki á öllum aldri. „Þetta eru sögur af bæði þeim sem eru að ganga núna og eru í félaginu en líka af eldri félagsmönnum sem hafa tekið þátt í því að byggja félagið upp, margir hverjir í sjálfboðastarfi."

> **Ég held bara að fólk sem stundar fjallgöngur sé það skemmtilegasta sem maður finnur.**

Spurð út í hvort hún eigi sér uppáhaldssögu úr blaðinu á Hugrún erfitt með að svara. „Þær eru fjölmargar, ég er skotin í mörgum sögum. Þarna er ein saga af tvíburabræðrum, slökkviliðsmanni og múrara, sem ákváðu að skipta saman um starfsvettvang um fimmtugt og skella sér í leiðsögunám. Þeir hafa nú leitt mýmargar göngur, alltaf saman, frá árinu 2011. Svo er það sagan af Sigurði sem greindist með sjaldgæfan taugahrörnunarsjúkdóm í apríl í fyrra. Hann skráði sig í prógrammið Landvættir (hjól, sund, hlaup, fjallaskíði) og ætlar að taka þátt í Járnmanninum í sumar. Það er alveg einstakt að hlusta á hann – hvernig hann hefur tekið veikindunum og lífsviðhorfum.

En ég held að mitt uppáhald sé viðtalið við Elínborgu Kristinsdóttur sem er 76 ára. Hún byrjaði að ganga þegar hún var sextug og það er magnað að vera með henni í göngu. Hún er oftar en ekki fremst, og þegar hópurinn stoppar þá heldur hún ótrauð áfram. Og það er aðdáunarvert að hún þekkti engan þegar hún byrjaði. Hún skráði sig bara í félagið og byrjaði að mæta í göngur. Þannig að það er aldrei of seint að byrja."

### Konur í meirihluta núna

Félagar Ferðafélags Íslands hafa afrekað ansi mikið á þessum 90 árum sem félagið hefur verið starfandi. „Sem dæmi þá hefur félagið á þessum 90 árum byggt 40 fjallaskála, 60 göngubrýr, farið 4.000 ferðir með yfir 250.000 þátttakendum. Og þessi saga er rakin. Við heyrum meðal annars í einum sem fór í fjölmargar ferðir og kom til dæmis að brúarsmíði yfir Syðri-Emstruá, það er brú sem allir sem hafa gengið Laugaveginn kannast vel við. Margir fá í magann við það að ganga yfir hana og maður skilur bara ekki hvernig þetta var gert. Við snertum sem sagt á stórkostlegum afrekum sem fólk hefur unnið."

Hugrún segir sögu Ferðafélags Íslands vera áhugaverða og það hefur margt breyst á þessum 90 árum síðan félagið var stofnað. „Í dag eru meðlimir rúmlega 8.500. Þegar félagið var stofnað þá voru stofnmeðlimir 63 talsins og þá þetta voru eiginlega bara karlar, þetta var hálfgert karlafélag," segir Hugrún og hlær.




**Í afmælisriti Ferðafélags Íslands er að finna upplýsingar, fróðleik og viðtöl.**

„Frá árinu 1927 hefur fjölgað gífurlega í félaginu, jafnt og þétt. Og nú eru konur í meirihluta þannig að þetta hefur svolítið snúist við. Og það hefur margt breyst því fólk var ekkert mikið að ganga sér til skemmtunar eða heilsueflingar á þessum tíma ólíkt því sem gengur og gerist í dag. Ég gæti vel trúað að við værum að slá enn eitt heimsmetið, með flesta göngugarpa miðað við höfðatölu." **gudnyhronn@365.is**

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 21. JÚLÍ 2017



Arnar Freyr er með dýrslegan makka sem hann segir þykkt og óstýrilátt hár. Hann vill því ýmist vera snoðklipptur eða síðhærður til að hafa sem minnst fyrir því. Arnar er íþróttamaður af Guðs náð, spilar körfubolta með „bumbuliði“ listamanna og dýrkar golf. MYND/AUÐUNN

# Ástfanginn upp fyrir haus

Rapparinn Arnar Freyr Frostason segist vera úlfur. En fyrst og fremst maður. Hann er góður gaur sem hefur gaman af því að blóta og segist hafa breyst við að elska Sölku Sól. →2

SUMARÚTSALA Í FULLUM GANGI



HYPE STÓLL
-40%
VERÐ ÁÐUR KR. 39.900
VERÐ NÚ KR. 23.940

JERSEY TV SKENKUR
-40%



VERÐ ÁÐUR KR. 119.400
VERÐ NÚ KR. 71.640

WIRE SÓFABORÐ
-50%



VERÐ ÁÐUR KR. 69.800
VERÐ NÚ KR. 34.900

LÍNAN
BÆJARLIND 14 - 16 | KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16 / LINANEHF / LINAN.IS

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Hún mamma reyndi að segja mér að það væri ljótt að blóta, en það er svo gaman að blóta. Ég stressa mig ekki á því hvort textarnir mínir innihaldi vafasamt orðbragð; ég er ekki uppalandi og hlutverk foreldra að segja til um hvað sé bannað. Ef það er ekki ég, þá er það einhver annar. Fólk mun alltaf finna sér leið til að hlusta á rapp,“ segir Arnar sem fer sínar eigin leiðir og semur texta sem fólk vill heyra.

„Rapp er eins og pönk; andspyrna við góð og hefðbundin gildi. Því eru textarnir hispurslausir, um kaldan raunveruleikann, lífið með vinunum niðri í bæ; skin, skúrir og skugga. Í því felst styrkur rapptónlistar og ástæða þess að fólk leitar í hana. Það hefur nefnilega alltaf þótt spennandi að gera það sem mamma bannar að gera.“

## Hefur nóg af sjálfstrausti

Arnar er sveitastrákur og smábæjarbarn. Alinn upp hjá foreldrum sínum á Sauðárkróki en líka ömmu og afa á Frostastöðum í Blönduhlíð.

„Það var geggjað að alast upp á landsbyggðinni og ég hef áttað mig betur á kostum þess í seinni tíð. Ég bý að mörgu sem borgarbörnin gera ekki og í grunninn er örlítill munur á sveita- og borgarbörnum. Kærastan segir til að mynda að orðaforðinn og verklag mitt sé bæði sveitalegt og krúttlegt.“

Arnar segir ekki úr lausu lofti gripið að sveitastrákar hafi minnimáttarkennd gagnvart borgarstrákum en þeir Helgi Sæmundur, samverkamaður hans í Úlfi Úlfi, hafi alltaf verið öruggir í eigin skinni.

„Það hefur ekki unnið með röppurum að vera utan af landi og þótt frekar lummó. Margir hafa nefnt við okkur að það sé ótrúlegt hversu langt við Sauðkrækingarnir höfum náð. Ég veit af þeim mótbyr en þetta snýst um helvítis sjálfsöryggið og við Helgi höfum nóg af því.“

Segja má að í Arnari hafi sveitapiltsins draumur ræst. „Já, ég vinn við það skemmtilegasta sem ég veit og það með besta vini mínum. Við Helgi höfum nú ferðast um landið í sex ár, sem er mun lengur en ég átti von á, og ég sé enga

» **Úlfur Úlfur endar tónleikaferð sína um landið á Kex Hosteli annað kvöld, laugardag. Frítt er inn og allir hjartanlega velkomnir.**

” **Það eru læti í Sölku Sól og hún drífur mig áfram. Salka er full af gleði og smitandi lífsorku og er ég henni óendanlega þakklátur fyrir.**

Arnar Freyr Frostason

ástæðu til að hætta. Rapp er oftast nær einstaklingssport og fátítt að menn myndi rapphljómsveitir, en við Helgi erum sterkir saman og föttuðum það fyrir löngu.“

Arnar og Helgi semja báðir texta við lög Úlfs Úlfs en Helgi er lagahöfundur og útsetjari hljómsveitarinnar.

„Ég ligg bara í sófanum og hef mínar skoðanir á meðan Helgi hefur galdrafingurna sem taka í hvaða hljóðfæri sem er og koma öllu sem hann heyrir innra með sér yfir í tónlist. Ég gæti ekki unnið með betri manni,“ segir Arnar.

## Rappað um víti til varnaðar

Aðspurður segist Arnar telja sér trú um að hann hafi góðan mann að geyma. „Ég er góður gaur sem vill láta gott af sér leiða, gera tónlist og texta sem fólk tengir við og kemur því í gírinn. Það er mín leið til að gera heiminn betri.“

Nafngiftin Úlfur Úlfur var að sögn Arnars risavaxin myndlíking við úlfa.

„Fyrstu lögin voru um úlfa, fullt tungl, nóttina og dulúðina sem ríkir í kringum þetta djöfuls rándýr. Ætli tengsl á milli manna og úlfa hafi ekki heillað; bæði eru grimm dýr sem svífast einskis til að komast af. Sjálfur er ég sitt af hvoru og held að það sé góð blanda til að komast af.“

Móðurmálið lá strax fyrir Arnari sem skrifaði litlar sögur sem drengur. „Ég þráði ungur að skrifa og heillaðist af möguleikum tungumálsins. Seinna uppgötvaði ég að rapptónlist væri fullkomið form til útrásar fyrir textasmíðar mínar og tónlist, sem mér finnst það skemmtilegasta í heimi.“

Arnar segir suma texta sína segja sögur en oft séu textarnir samhengislaus þvæla í viðleitni hans til að skapa visst andrúmsloft og tilfinningar.

„Mér líður eins og ég geti skrifað texta um hvað sem er. Stundum skrifa ég þrjú lög á kvöldi en svo líða mánuðir sem ég kem ekki orði á blað. Á Tveimur plánetum, sem kom út 2015, voru textarnir mest um samfélagið sem ég þreifst þá í en á nýju plötunni, Hefnið okkar,



Arnar og Salka Sól eru eitt fegursta par landsins og segir Arnar óhjákvæmilegt að leiðir þeirra muni einn daginn liggja saman á tónlistarsviðinu, hvort sem það verður í rappdúett eða öðru. MYND/ÚR EINKASAFNI

koma textarnir meira innan frá.“

Yrkisefni rapptónlistar þykir mörgum vafasamt, orðljótt og klúrt.

„Í seinni tíð er minna rappað um ofbeldi og hlutgervingu kvenna, en meira fjallað beinskeytt um drykkju, fíkniefni og djamm. Heimurinn getur verið ljótur og mér finnst í lagi að fjalla um blákaldan veruleikann eins og hann er. Ég peppa þó ekki upp glansvæðingu fíkniefna og flestir sem rappa um slíkt segja sögur sem víti til varnaðar. Þessi harði heimur er því miður til en alls ekki eftirsóknarverður og rapparar segja gjarnan þá sögu. Hins vegar eru alltaf einhverjir sem glansvæða dóp og það er þeirra mál. Fólk elskar að hlusta á það líka en þegar upp er staðið snýst rappið um tónlist sem fær þig til að líða einhvern veginn.“

Vissulega hafi textar hans áhrif á talsmáta barna og unglinga.

„Ég veit að krakkar apa upp eftir mér setningar, sem eru í einhverjum skilningi ljótar en í öðrum skilningi einlægar og hljómfagrar, en ég reikna með að foreldrar þeirra finni meira fyrir áhrifum tónlistarinnar en ég.“

## Djöfulsins, helvítis hark

Arnar er kunnur fyrir að fara einstaklega hratt með texta.

„Ég byrjaði ungur að þjálfa mig í hröðu rappi. Fyrirmyndir mínar í rappinu voru tunguliprar og ég vildi að það yrði mín sérstaða. Ég bý að þessum æfingum í dag en á nýju plötunni er ég hægari. Ég dýrka að þurfa að vanda hvert einasta orð í líðandi takti en þegar ég bauna textanum út úr mér hafa orðin minna vægi og flutningurinn snýst um rappið sjálft. Stundum, þegar orðaflaumurinn fer á fleygiferð, verður mér fótaskortur á tungunni en ég afsaka það ekkert því maður er jú mannlegur. Ég hlæ bara og aðrir hlæja með mér.“

” **Heimurinn getur verið ljótur og mér finnst í lagi að fjalla um blákaldan veruleikann eins og hann er. Ég peppa þó ekki upp glansvæðingu fíkniefna og flestir sem rappa um slíkt segja sögur sem víti til varnaðar.**

Arnar Freyr Frostason

Frægð er fyrir löngu orðin fylgifiskur Arnars og honum þykir hún skemmtileg.

„Á Íslandi er ekki rekinn fleygur á milli hins fræga og almennings og mér finnst það æðislegt. Ég þreytist ekki á því að hitta aðdáendur mína og tek öllum opnum örmum. Án þeirra væri ég ekkert og í tónlistarbransanum, þar sem listamenn þrífast á athygli, er ekki í boði að kvarta yfir ágangi aðdáenda. Þá væri maður skíthæll.“

Vorið 2015 útskrifaðist Arnar úr viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Yfirskrift lokaritgerðar hans var: „Þetta djöfulsins hark. Lifað á listinni á íslenskum tónlistarmarkaði.“

„Ég ákvað að rannsaka það sem var nálægt mér og uppskar margt nytsamlegt í viðtölum við fólk sem lifir á listinni. Þeir eru ekki margir og við heppnir að lifa á tónlistinni í dag. Þetta er vissulega djöfulsins, helvítis hark, en alveg ógeðslega gaman og getur vel gengið upp ef hjartað er á réttum stað og maður skilur fólkið og markaðinn í landinu. Viðskiptafræði opnar manni ótal dyr og ég mun örugglega nota hana í eigin nafni í framtíðinni, en í dag nýti ég mér hana í daglegu lífi.“

## Er spenntur eins og barn

Lífsstíll tónlistarmanna er á stundum skrautlegur en Arnar segist blanda af rokki, róli og heilsuvitund.

„Ég stunda heilsurækt og er annt um mataræðið, sleppi ruslinu því það er svo miklu betra. Með vinum þykir mér gott að fá mér nokkra bjóra en lifi langt í frá villtum lífsstíl. Ég reyni að fara eins vel með líkamann og ég nenni, á æðislega kærustu og er ástfanginn upp fyrir haus, á kött og reyni að hafa heimilið snyrtilegt.“

Leiðir Arnars og söng- og fjölmiðlakonunnar Sölku Sólar Eyfeld lágu saman á giggi fyrir brátt tveimur árum.

„Á eftir sendi ég henni nokkur sæt skilaboð og hún beit á agnið. Ég held það hafi breytt mér að kynnast Sölku. Ég er svo lokaður og latur og hálfgerður einfari, get verið þungur og erfiður, en það eru læti í henni og hún drífur mig áfram. Salka er full af gleði og smitandi lífsorku og er ég henni óendanlega þakklátur fyrir.“

Þegar frítími gefst segist Arnar hafa yndi af ferðalögum með sinni heittelskuðu.

„Nú erum við að plana pakkaferð til sólarlanda og ég er spenntur eins og barn. Eftir mikið annríki þarf ég á því að halda að liggja dagana langa á sundlaugarbakka, drekka kokteila og þurfa hvorki að hugsa né lyfta litlafingri. Framundan er tónleikareisa til Rússlands, Póllands og Eistlands, en eftir Airwaves í fyrra fórum við á sömu slóðir og er þar furðu mikil vitund um okkur þrátt fyrir rapp á íslensku. Tónlist er enda alþjóðlegt fyrirbæri sem virkar alls staðar og sannarlega gaman að skreppa út og skoða heiminn í leiðinni.“

Úlfur Úlfur endar tónleikaferðalag sitt um landið á Kex Hosteli annað kvöld. Frítt er inn og allir hjartanlega velkomnir.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn: Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433


Laugarnar í Reykjavík
LENGRI AFGREIÐSLUTÍMI UM HELGAR Í SUMAR
NÁNAR Á ITR.IS
STOPP
Fyrir líkama og sál
fyrir alla fjölskylduna
í þínu hverfi
frá morgni til kvölds
Sími: 411 5000 • www.itr.is

# Á risavaxið safn skrautlegra sokka



**Förðunar- og lífsstílsbloggarinn Elín Erna Stefánsdóttir er oftast í hljómsveitabol og gallabuxum. Hún fellur helst fyrir litríkum og munstruðum fötum og á risavaxið safn af skrautlegum sokkum.**

Elín Erna Stefánsdóttir, sem heldur úti förðunar- og lífsstílsblogginu Elín Likes og er auk þess öflug undir sama nafni á Snapchat, útskrifaðist frá Mood Make Up School haustið 2012. Hún hefur haldið úti blogginu síðan, en í byrjun árs 2015 fór hún jafnframt að deila förðunarmyndböndum á YouTube. Um svipað leyti ákvað hún að stofna opið Snapchat og er í dag með um 10.000 fylgjendur. „Ég hef greinilega rosalega margt að segja,“ segir hún sposk.

Í upphafi ræddi Elín aðallega um snyrtivörur og förðun. „Í dag spjalla ég um allt milli himins og jarðar þó förðunin skipi alltaf stóran sess.“

Aðspurð segist Elín vissulega spá í föt og fylgihluti. „Ég er þó voða afslöppuð svona alla jafna en hef auðvitað gaman af því að gera mig fína af og til.“ Hún segist ekki aðhyllast ákveðinn stíl. „Ég er hins vegar mjög hrifin af litum og mynstrum en er þó oftast bara í hljómsveitabol og gallabuxum.“

Elín féllst á að klæða sig upp í uppáhaldsdressið og leyfa lesendum jafnframt að skyggnast ofan í snyrtibudduna.

> „Ég er voða afslöppuð svona alla jafna en hef auðvitað gaman af því að gera mig fína af og til.
>
> Elín Erna Stefánsdóttir.



Vænar og grænar buxur sem Elín fann á útsölu í Zöru fyrir rúmu ári eru í uppáhaldi. „Mér finnst þær einstaklega sætar og þægilegar. Við höfum líka gengið í gegnum ýmislegt saman og er t.d. ágætis gat á rassinum eftir að ég hlammaði mér niður á glerbrot, mjög gott.“

Elín segist voðalega löt þegar kemur að fylgihlutum. „Ég hef gengið með sama hálsmenið í mörg ár en það er illa farin Hamsa-hönd sem mér þykir mjög vænt um og lít á sem lukkugrip. Ég myndi þó segja að minn aðal „fylgihlutur“ séu þeir sokkar sem ég geng í hverju sinni. Ég á risavaxið safn af litríkum, vel skreyttum sokkum. Ég elska sokka.“

















„Vinkonum mínum finnst flestum uppáhaldsskórnir mínir mjög ljótir. Þetta eru vínrauð stígvél sem ég fann á nytjamarkaði og nappaði á 500 krónur. Ég elska þau.“

## Uppáhaldsvörur

Þegar kemur að uppáhalds förðunarvörunum eru húðvörur efstar á blaði hjá Elínu. „Útlit húðarinnar er að mínu mati mikilvægast þegar kemur að förðun og stendur LA Girl farðinn upp úr þessa dagana. Hann gefur góða þekju án þess að vera of þungur og endist allan daginn. Give Me Sun sólarpúðrið frá MAC, Luminoso kinnaliturinn frá Milani og Rodeo Drive highlighterinn frá Ofra sjá svo um að gera mig sunkissed og ljómandi. Ég fæ síðan ekki nóg af Vitamin C spreyinu frá The Body Shop en það frískar uppá húðina og hressir mann við.“



# AKU SUPERALP GTX 32.900 kr.




Þú finnur allar okkar vörur ásamt ítarlegum upplýsingum á www.ggsport.is

## SANDALAR

*FÆTUR OG TÆR ÖÐLAST NÝTT LÍF Í KEEN*

### KEEN Venice Women's

Frá fjöru að fjalli. Frábært grip á breytilegu undirlagi, sandalarnir anda vel en eru jafnframt með lokaða tá sem að vernda tærnar fyrir hnjaski. Sólinn nær upp fyrir tærnar. Léttir en áreiðanlegir.
Venice sport sandalarnir frá KEEN fylgja þér hvert sem ævintýrið er.

Stærðir: (heil og hálf nr.) stærð 35-42

**15.990 kr.**



### KEEN Newport

Lokuð tá sem að vernda tærnar fyrir hnjaski, sólinn nær upp fyrir tærnar. Gott grip á sóla, hvort sem er á þurru eða blautu undirlagi. Innleggið mótast eftir fætinum og veitir góðan stuðning. Þetta eru sandalar sem að þú getur notað allan daginn, alla daga, í nánast hvaða aðstæðum sem er.

*Stærðir: (heil og hálf nr.) 40-48*

**15.990 kr.**



## Hágæða bakpokar frá Osprey • Eitt mesta úrval landsins

**Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Krakkabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur**

Við stillum alla bakpoka þannig að þeir passi fullkomlega. Á stærri pokunum sérmótum við mjaðmabeltin.




Kestrel 38L göngupoki **28.990 kr.**



Ariel 65L Burðarbakpoki
**43.990 kr.**



Daylite Alhliða bakpoki
**9.990 kr.**



Momentum 26L
Hjólabakpoki
m/fartölvuhólfi
**19.990 kr.**



Farpoint 55L
Heimsreisubakpoki
**31.900 kr.**



Talon 33L
Léttur göngubakpoki
**21.990 kr.**



Duro
Hlaupavesti
**17.990 kr.**




# GG•sport

Smiðjuvegur 8, **Græn gata**, 200 Kópavogi
sími: 571 1020 • www.ggsport.is

„Finndu okkur á Facebook"

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta

**ÞÝÐINGAR**
Tek að mér þýðingar enska-íslenska-enska Upplýsingar í síma 897 7449

## Keypt & Selt

## Til sölu




## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Býð upp á heilnudd og slökun, íþróttanudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 22 á kvöldin. S. 894 4817

## Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn




Jaxon flugustangarsett . lína 5-6-7-eða 8 Stöng ,hjól ,lína hólkur , polaroid gleraugu ,taumur og 10 flugur 28.900 kr . Takmarkað magn Veiðiportið Grandagarði 3 552-9940







2 Laga Jaxon vöðlujakki með útöndun, góða vatnsheldni ,góða hettu ,stroff á ermun og flísklædda vasa. Lang besta verðið 15.900 kr. Veiðiportið Grandagarði 3 s.552-9940

## Húsnæði

## Húsnæði óskast

Hjón 60-70 ára óska eftir 3ja herb íbúð ekki jarðhæð helst í Breiðholti ekki skilyrði engöngu langtímaleiga. Uppl. S 869 1657

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

## Atvinna í boði

**STARFSMAÐUR ÓSKAST**
Stundvís, reglusamur starfskrafur óskast við kjötborð ofl. Kjöthöllin Háleitisbraut 58-60
**Upplýsingar veitir Sveinn í síma 553 8844.**

## Viðskiptatækifæri

**TIL SÖLU:**
Til sölu ísbúð / ísgerð með eigin framleiðslu og mikinn tækjakost. Miklir möguleikar fyrir duglega aðila. Skoða öll skipti. Uppl. í síma 895-7737










## Skemmtanir



## Atvinna

Embassy
of the Federal Republic of Germany
Reykjavik

### Job Vacancy

**The Embassy of the Federal Republic of Germany is looking for a driver with additional craftsman's skills starting from September 2017**

The applicant should have the following qualifications:

- **High School Diploma**
- **Category B Driver's Licence and driving experience**
- **Work experience**
- **Good command of Icelandic and English (knowledge of German added plus)**
- **Computer Literacy**
- **Strong Working and Personal Skills**

For more detailed information on requirements and job description please consult the embassy's website:
**http://www.reykjavik.diplo.de**

Please forward your application in English or German until **10th August 2017.**

## Tilkynningar

### Blábjörg, Djúpavogshreppi

### Deiliskipulag

